

Skilmálar notkunarleyfis, þjónustulýsing og vinnslusamningur fyrir Flota frá Trackwell

Skilmálar notkunarleyfis

1. gr.

Notkunarleyfisgjald

Fyrir leyfi til að nota hugbúnaðinn Flota frá Trackwell („Hugbúnaðurinn“) greiðir viðskiptavinur gjald, sem lýst er í tilboði /samningi, hér eftir nefnt notkunarleyfisgjald. Gjaldið skiptist í gjald fyrir stofnun og innleiðingu annars vegar og mánaðarlegt gjald fyrir notkun, rekstur-, þjónustu-, hýsingu- og uppfærslu hins vegar, allt í samræmi við þjónustulýsingu. Verð skulu tilgreind í íslenskum krónum án virðisaukaskatts.

2. gr.

Reikningar

Reikningar Trackwell skulu vera sundurliðaðir, skilmerkilega uppsettir og í samræmi við valda þjónustupætti. Trackwell gerir sérstaka reikninga vegna verka sem falla utan þess sem innfalið er í notkunarleyfisgjaldinu. Verði ágreiningur um fjárhæð reiknings heimilar það ekki viðskiptavini að neita greiðslu á þeim hluta sem ekki er umdeildur. Ef reikningur er ekki greiddur á eindaga er heimilt að reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti frá gjalddaga.

3. gr.

Breytingar á verðskrá og notkunarleyfisgjaldi

Notkunarleyfisgjald er bundið vísitölu neysluverðs og skal uppfært m.v. breytingar á vísitölunni í lok hvers ársfjórðungs. Vísitölubreytingar þarf ekki að tilkynna sérstaklega. Ef almennar breytingar verða á verðskrá Trackwell eða breyting verður vegna aukinnar notkunar umfram gildandi samning getur TrackWell breytt notkunarleyfisgjaldi sínu til samræmis. Verði lækkun á verðskrá, skal Trackwell breyta notkunarleyfisgjaldi sínu í samræmi við það. Ef notkun verður minni en gert er ráð fyrir í gildandi notkunarleyfisgjaldi getur viðskiptavinur farið fram á lækkun til samræmis. Ef breytingar á verðskrá verða til hækkunar á notkunarleyfisgjaldi skal Trackwell tilkynna viðskiptavini slíkar breytingar með 30 daga fyrirvara.

4. gr.

Verk sem falla fyrir utan notkunarleyfisgjalds

Verk sem unnin eru af Trackwell að ósk viðskiptavinar og falla utan notkunarleyfisgjalds verðleggjast samkvæmt gildandi verðskrá Trackwell um útselda vinnu nema skriflegur samningur sé um annað.

5. gr.

Ábyrgð og skaðabætur

Viðskiptavinur hefur kynnt sér hugbúnaðinn og samþykkir kosti hans og galla. Trackwell ábyrgist ekki virkni hugbúnaðarins eða hvort hann sé nothæfur með tölvubúnaði viðskiptavinar. Trackwell ber enga ábyrgð á notkun viðskiptavinar á hugbúnaðinum eða áhættu af því tjóni, beinu eða óbeinu, sem hlotist getur af því. Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón og nær ekki til rekstrartaps eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðju aðila að hluta til eða að öllu leyti.

Bótafjárhæð getur ekki orðið hærri en sem nemur tólf mánaða notkunarleyfisgjaldi.

Trackwell ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til breytinga á veituspennu, rafmagnstruflana eða annarra utanaðkomandi áhrifa. Trackwell ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili á vegum viðskiptavinar verður valdur að án meðábyrgðar Trackwell. Ef Trackwell getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna neyðarréttarlegra eða óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar niður, þ.m.t. möguleg bótaábyrgð, á meðan slíkt ástand varir.

6. gr.

Greiðslustöðvun og gjaldþrot

Ef kemur til greiðslustöðvunar eða gjaldþrots viðskiptavinar er Trackwell heimilt að segja samningi þessum upp án fyrirvara.

7. gr.

Höfundarréttarákvæði

Hugbúnaðurinn er eign Trackwell og falla allar viðbætur og breytingar sem unnar eru fyrir viðskiptavin þar undir og hefur samningur þessi ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarétti.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til þess að virða höfundarétt Trackwell og nota hugbúnaðinn aðeins í samræmi við samning þennan. Án leyfis Trackwell er viðskiptavininn með öllu óheimilt að afrita hugbúnaðinn, breyta honum eða dreifa. Viðskiptavininn er þó heimilt að gera eitt öryggisafrit ef samningur við Trackwell leyfir viðskiptavininn að hýsa hugbúnað.

Notkunarleyfi á hugbúnaðinum er óframseljanlegt að hálfu viðskiptavinar en takmarkar ekki rétt Trackwell til sölu eða framsals til annarra aðila.

Framangreind ákvæði gilda jafnvel þó að samningnum ljúki með riftun eða uppsögn.

8. gr.

Trúnaður

Samningur þessi og innihald hans er háð trúnaði á milli samningsaðila. Öll gögn og upplýsingar sem Trackwell verður vísari um viðskiptavin skal vera trúnaðarmál þeirra á milli. Viðskiptavinur skal á sama hátt gæta fyllsta trúnaðar um gögn og upplýsingar er varða Trackwell. Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samnings þessa. Aðilar skuldbinda sig til að ljósra ekki trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar-, fjárhagslegar- eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum. Upplýsingar, sem eru eða ætla má að séu á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkar aðstæður stafi af broti á þessu ákvæði. Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samnings lýkur.

9. gr.

Gögn

Gögn, sem verða til við notkun hugbúnaðarins, t.a.m. tölfraeðiupplýsingar, staðsetningargögn og notkunarupplýsingar, eru eign viðskiptavinar og skal Trackwell veita aðgengi að gögnunum innan þeirra marka sem hugbúnaðurinn leyfir. Við samningslok getur viðskiptavinur óskað eftir því skriflega að fá gögnin afhent eða þeim eytt gegn greiðslu samkvæmt gildandi verðskrá Trackwell. Trackwell er heimilt að nýta gögnin við tölfraeðilegar samantektir og aðrar samantektir án sérstaks samþykkis viðskiptavinar. Trackwell er jafnframt heimilt að nota slíkar samantektir í viðskiptalegum tilgangi og miðla til þriðja aðila enda sé ekki hægt að rekja gögnin til viðskiptavinar.

10. gr.

Gildistími

Samningur þessi er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir og miðast hann við næstu mánaðarmót eftir að skrifleg uppsögn hefur borist gagnaðila með sannanlegum hætti.

11. gr.

Vanefndir og riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningi ef um alvarlegar vanefndir er að ræða. Riftunin skal gerð skriflega og studd með rökum og miðast hún við næstu mánaðarmót eftir að hún hefur borist gagnaðila með sannanlegum hætti.

12. gr.

Skil á hugbúnaði

Ef kemur til uppsagnar eða riftunar á samningi um notkunarleyfi þá skal viðskiptavinur hætta notkun á hugbúnaðinum þegar uppsögn eða riftun tekur gildi. Jafnframt skal hann skila til Trackwell öllum eintökum af vél- og hugbúnaði og öðrum gögnum, sem hann hefur fengið afhent frá Trackwell, innan 30 daga eftir að samningstíma lýkur. Verði dráttur á skilum hefur Trackwell rétt á því að innheimta allt að fjögurra mánaða notkunarleyfisgjald.

13. gr

Varnarþing

Ef ágreiningur kemur upp um framkvæmd samnings, um notkunarleyfi eða önnur atriði sem tengjast samningnum, og ekki er mögulegt að leysa með samkomulagi, er einungis heimilt að reka dómsmál vegna ágreiningsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, Landsrétti og Hæstarétti Íslands.

Þjónustulýsing

1. gr Uppfærslur

Trackwell skuldbindur sig til að láta viðskiptavini í té endurbætur, lagfæringar og uppfærslur á þeim kerfum sem samningurinn nær til. Ef kerfið er í rekstrarumsjón hjá Trackwell eru uppfærslur gerðar sjálfkrafa. Viðhald og uppfærslur ná einungis til þess grunnhugbúnaðar sem samstarfsaðili hefur þegar keypt og tekið í notkun frá og með undirritun tilboðs/samnings. Séraðlaganir falla ekki undir uppfærslur í þessu samhengi.

Trackwell skuldbindur sig til að viðhalda öllum skráum sem tilheyrja hugbúnaðinum sem umrætt tilboð/samningur tekur til. Trackwell og viðkenndir samstarfsaðilar hafa einkarétt á að sinna þróunar- og þjónustuvinnu við kerfin.

Trackwell ábyrgist að ávallt sé til staðar þekking innan Trackwell á viðkomandi kerfi til að tryggja rekstur sem og nauðsynlegar breytingar.

2. gr Varahlutir

Trackwell tryggir rekstur miðlæga kerfisins og varahluti sem nauðsynlegir eru fyrir rekstur þess, hvort heldur um er að ræða hugbúnað eða vélbúnað. Innifalið í miðlægum vélbúnaði er meðal annars tölvubúnaður, sérhæfð GPS/GSM tæki, símakort auk varaafgjafa og afritunarbúnaðar, eftir því sem við á. Viðskiptavinur ber engan kostnað af því þegar og ef þessi búnaður bilar, hvort heldur um er að ræða efni eða vinnu. Enda á Trackwell að tryggja uppítíma miðlæga kerfisins. Ef Trackwell á endabúnað sem bilar hjá viðskiptavini fær hann samsvarandi tæki hjá Trackwell í stað þess sem bilaði. Kostnaður við að sækja/senda og að skipta um búnað er á ábyrgð viðskiptavinar. Trackwell bætir ekki tæki sem hafa orðið fyrir skemmdum hjá viðskiptavini.

3. gr Þjónustutími og tengiliðir

Viðskiptavinur hefur aðgengi að þjónustu Trackwell sem hér segir:

1. Almenn þjónusta virka daga frá kl. 08:30 til 16:30.
Símaþjónusta fæst í almennu símanúmeri 5100600 eða með tölvupósti á support@trackwell.com
2. Bilanaþjónusta á miðlægu kerfi 24 tíma á sólarhring.
Útkallsnúmer er – 8600610

| | |
|--------------------------------------|--------------------------------------------------------------|
| Almennar upplýsingar og athugasemdir | info@trackwell.com |
| Sala | sales@trackwell.com |

| | |
|-----------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Tímon fyrirspurnir og þjónusta | timon@trackwell.com |
| Floti fyrirspurnir og þjónusta | floti@trackwell.com |
| Maritime fyrirspurnir og þjónusta | maritime@trackwell.com |

4. gr Viðbragðstími

Viðbragðstími Trackwell vegna alvarlegra bilana (vinnsla kerfis hefur stöðvast):

1. Virka daga frá kl. 08.30 til 16:30. Viðbragðstími er allt að ein og hálf klukkustund.
2. Utan daglegs þjónustutíma er viðbragðstími allt að þrjár klukkustundir.

5. gr Öryggisafritun og gagnaafritun

Trackwell tekur afrit daglega af öllum gögnum kerfisins sem tengjast viðskiptavini og verða þau vistuð á öruggum stað.

6. gr

Fyrirbyggjandi viðhald

Trackwell skuldbindur sig til þess að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á miðlægum búnaði minnst einu sinni í viku. Fyrirbyggjandi viðhald felur meðal annars í sér ástandsskoðun vélbúnaðar, eftirlit með vöktunarkerfi, athugun villuskráninga í stýrikerfi netþjóna og skoðun log skráa hugbúnaðar.

7. gr

Aðstoð í gegnum síma

Tengiliðir viðskiptavinar geta hringt í símaþjónustu Trackwell og leitað eftir aðstoð í tengslum við alla notkun á hugbúnaðinum án endurgjalds. Símaþjónustan er opin virka daga frá kl. 08:30 til kl. 16:30. Ef ekki reynist unnt að leysa vandamál á símaþjónustuborði er sú vinna sem af því hlýst ekki innifalin í símaþjónustu Trackwell.

Vinnu við sértækar breytingar, reiknireglugerð og námskeið er greitt fyrir samkvæmt gjaldskrá og lágmarkstími á vinnu er ½ klst.

8. gr

Forgangur að hugbúnaðarsérfræðingum og ráðgjöfum

Með notkunarleyfissamningi tryggir viðskiptavinur sér forgangs aðgengi að hugbúnaðarsérfræðingum og ráðgjöfum Trackwell fram yfir þá sem ekki hafa samning. Trackwell mun ávallt bregðast hratt við óskum viðskiptavinar um almenn verk. Verkkaupa er jafnframt úthlutað tengilið innan Trackwell sem hefur heildaryfirsýn yfir öll mál sem snúa að verkkaupa.

9. gr

Hýsing kerfis og rekstur

Ef kerfið er í rekstarumsjón (hýsingu) hjá Trackwell mun Trackwell sjá um þann vélbúnað og hugbúnað sem til þarf til að keyra og reka kerfið fyrir verkkaupa. Innifalið í því eru netþjónar, sérhæfður símabúnaður, varaafgjafar, afritunarbúnaður og allur annar sá búnaður sem til þarf.

Trackwell sér um hýsingu á þessum búnaði og tryggir rekstur hans. Jafnframt ábyrgist Trackwell að tryggja uppítíma kerfanna með sérstöku eftirliti auk þess sem sjálfvirk vöktun er í gangi sem sendir skilaboð ef eitthvað fer úrskaiðis í kerfinu.

Truflanir á rekstri vegna skipulegs viðhalds skulu tilkynntar til viðskiptavina með góðum fyrirvara.

Trackwell mun hafa kerfið í hýsingu þar sem umsýsla er vottuð af ISO 27001 (áður BS 7799)staðli.

Annar kostnaður tengdur notkun Trackwell kerfa s.s. fjarskiptakostnaður er á ábyrgð viðskiptavinar, nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Vinnslusamningur

Vinnslusamningur er hluti af skilmálum og þjónustulýsingu. Hann gildir einnig fyrir kaup á þjónustu og/eða leyfum sem vinnsluaðili endurselur ábyrgðaraðila frá þriðja aðila (birgja/undirvinnsluaðila).

Samningur þessi gildir milli ábyrgðaraðila (viðskiptavinur) og vinnsluaðila (Trackwell) vegna skráningu starfsmanna ábyrgðaraðila, og annarra sem ábyrgðaraðili gefur heimild til, á starfsmannupplýsingum, tíma-, verk- og fjarveruskráningu ásamt staðsetningu tækja og starfsmanna í þágu forðastýringar ábyrgðaraðila.

Vinnsluaðili skal fyrir hönd ábyrgðaraðila annast móttöku og vinnslu upplýsinga í gagnagrunni sem geymir skráningu skráðra notenda.

1.0 Skuldbindingar vinnsluaðila

Vinnsluaðili skal gæta fyllsta trúnaðar um þær persónuupplýsingar sem hann veitir viðtöku, meðhöndlar og/eða hefur aðgang að eða fær vitneskju um hjá ábyrgðaraðila, sem og aðrar upplýsingar sem vinnsluaðili gæti orðið áskynja vegna samningssambands síns við ábyrgðaraðila. Á trúnaðarskyldan við hvort sem upplýsingarnar varða viðskiptavini, starfsmenn eða aðra einstaklinga sem vinnsla á vegum ábyrgðaraðila nær til.

Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsinga eða gagna sem gerð hafa verið opinber með lögmætum hætti.

Trúnaðarskyldan kemur ekki í veg fyrir að vinnsluaðili afhendi gögn þegar fyrir liggur dómsúrskurður eða lagaheimild stjórnvalda til að fá tiltekin gögn afhend.

Vinnsluaðili skal ganga úr skugga um að starfsmenn sem koma að vinnslu persónuupplýsinga undirriti trúnaðaryfirlýsingu þar sem skyldur vinnsluaðila og starfsmanna vinnsluaðila skv. persónuverndarlögum eru áréttáðar.

Vinnsluaðila er óheimilt að afhenda eða veita þriðja aðila aðgang að persónuupplýsingum ábyrgðaraðila nema með skriflegu samþykki ábyrgðaraðila.

Allar öryggisráðstafanir sem krafist er við vinnsluna, skv. lögum um persónuvernd, eru uppfylltar.

Vinnsluaðili mun aðeins vinna persónuupplýsingar fyrir hönd ábyrgðaraðila í samræmi við skrifleg fyrirmæli frá ábyrgðaraðila að því undanteknu að vinnslan eigi sér stað samkvæmt lögum, í því tilfalli skal vinnsluaðili upplýsa ábyrgðaraðila um lagalega skyldur hans svo lengi sem viðeigandi lög banni ekki slíka upplýsingagjöf á grundvelli almannahagsmuna.

Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila með viðeigandi ráðstöfunum, að því marki sem hægt er, við að uppfylla þá skyldu sína að svara beiðnum um að skráðir einstaklingar fái neytt réttar síns.

Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila við að tryggja að skyldur ábyrgðaraðila séu uppfylltar, að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar og upplýsinga sem vinnsluaðili hefur aðgang að.

Vinnsluaðili skal eyða eða skila, að vali ábyrgðaraðila, öllum persónuupplýsingum til ábyrgðaraðilans eftir að veitingu þjónustunnar, sem tengist vinnslunni, lýkur og eyða öllum afritum nema þess sé krafist skv. lögum að persónuupplýsingar séu varðveittar.

Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila þegar í stað ef fyrirmæli ábyrgðaraðila brjóta, að hans mati, í bága við lög um persónuvernd og að haga vinnslunni í samræmi við gildandi íslensk lög, einkum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.0 Undirvinnsluaðili

Vinnsluaðila er heimilt að fela þriðja aðila að framkvæma í heild eða hluta þá vinnslu sem vinnsluaðili hefur með höndum fyrir ábyrgðaraðila samkvæmt samningi þessum. Vinnsluaðili skal tilgreina þriðju aðila í samningi

Þessum. Komi nýir vinnsluaðilar til á síðari stigum, skal slíkt tilkynnt ábyrgðaraðilum með skriflegum hætti ásamt lýsingu á þeirri vinnslu sem undirvinnsluaðili mun inna af hendi.

Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila skriflega um allar fyrirhugaðar breytingar varðandi viðbót eða skipti á undirvinnsluaðilum, eigi síðar en þrjátíu (30) dögum fyrir fyrirhugaða breytingu, þannig að ábyrgðaraðili fái tækifæri til að mótmæla slíkum breytingum

Í þeim tilfellum sem vinnsluaðili gerir samning við undirvinnsluaðila um vinnslu persónuupplýsinga, hvílir sama ábyrgð á undirvinnsluaðila og fram kemur í þessum vinnslusamningi hvað varðar hlítningu við lög og reglugerðir og þá sérstaklega hvað varðar skipulagslegar og öryggislegar ráðstafanir.

Vinnsluaðili skal að fullu ábyrgjast undirvinnsluaðila í þeim tilfellum sem undirvinnsluaðili bregst skyldum sínum sem undirvinnsluaðili.

Ábyrgðaraðili getur gert athugasemdir við notkun vinnsluaðila á þriðja aðila ef málefnalegar ástæður standa til þess. Beri ábyrgðaraðili fram málefnalegar ástæður fyrir því að þjónusta tiltekins þriðja aðila skuli ekki notuð við vinnslu persónuupplýsinga er vinnsluaðila óheimilt að nýta þjónustu þess aðila. Málefnalegar ástæður geta einkum lotið að því að þriðji aðili sé ekki fær um að uppfylla skyldur skv. persónuverndarlögum.

Vinnsluaðili skal tryggja að undirvinnsluaðili staðfesti með skriflegum hætti að hann hlíti skilmálum þessa samnings.

3.0 Ábyrgð ábyrgðaraðila og meðferð persónuupplýsinga

Ábyrgðaraðili lýsir því yfir og ábyrgist að hann hafi heimild til vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem hann felur vinnsluaðila að vinna og tilgreindar eru í samningi þessum.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tækni- og skipulagslegar ráðstafanir sem taka mið af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga til að tryggja og sýna fram á að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli kröfur persónuverndarlaga.

Ábyrgðaraðili er eigandi þeirra persónuupplýsinga sem vinnsluaðila er falið að vinna með og skilgreindar eru í samningi þessum. Svo fremi að lög mæli ekki á annan veg starfar vinnsluaðili í umboði ábyrgðaraðila og er einungis heimilt að vinna með persónuupplýsingar frá ábyrgðaraðila í samræmi við tilgang þeirrar vinnslu sem kveðið er á um í samningi þessum, eða samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila hverju sinni. Vinnsluaðila er óheimilt að nýta persónuupplýsingar í eigin þágu nema með skriflegri heimild ábyrgðaraðila.

4.0 Öryggi persónuupplýsinga

Vinnsluaðili skal gera viðeigandi tækni- og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd, eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, í samræmi við persónuverndarlög, m.a. eftir því sem við á:

- nota viðurkennda öryggisstaðla í samskiptum og dulkóðun á lykilorðum,
- geta tryggt viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsspol vinnslukerfa og þjónustu,
- geta endurheimt tímanlega tiltækileika og aðgang að persónuupplýsingum ef til efnislegs eða tæknilegs atviks kemur,
- taka upp ferli til að prófa og meta reglulega skilvirkni tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að tryggja öryggi vinnslunnar.

Þegar viðunandi öryggi er metið skal einkum hafa hliðsjón af þeirri áhættu sem vinnslan hefur í för með sér, einkum að því er varðar óviljandi eða ólögsmæta eyðingu persónuupplýsinga, sem eru sendar, geymdar eða unnar á annan hátt, eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða veittur aðgangur að þeim í leyfisleysi. Ef þörf er á sérstökum öryggisráðstöfunum af hálfu vinnsluaðila vegna vinnslu persónuupplýsinga og þess er ekki getið í samningi þessum skal ábyrgðaraðili koma því á framfæri við vinnsluaðila með skriflegum hætti.

5.0 Eftirlit með vinnslu vinnsluaðila og aðgangur að persónuupplýsingum

Skipulag vinnslu persónuupplýsinga hjá vinnsluaðila skal gera ábyrgðaraðila og stjórnvöldum kleift að hafa eftirlit með því að vinnsluaðili fari að ákvæðum samnings þessa og persónuverndarlögum.

Ábyrgðaraðila er heimilt, á eigin kostnað, að gera úttekt hjá vinnsluaðila á fylgni við samning þennan og ákvæði persónuverndarlaga. Skal vinnsluaðili veita ábyrgðaraðila aðstoð við framkvæmd úttektarinnar.

Vinnsluaðila ber að ganga úr skugga um að trúnaðarupplýsingar séu aðgengilegar stjórnvöldum vegna eftirlitsstarfsemi slíkra aðila. Óski stjórnvald eftir aðgangi að trúnaðarupplýsingum ábyrgðaraðila á grundvelli dómsúrskurðar eða lagaheimildar ber vinnsluaðila að tilkynna það til ábyrgðaraðila áður en aðgangur er veittur, sé það mögulegt, nema vinnsluaðila sé það óheimilt. Skal vinnsluaðili halda skrá yfir afhent gögn. Í vafatilvikum skal vinnsluaðili, sé honum það heimilt, leita álits ábyrgðaraðila á því hvort persónuupplýsingar skulu afhentar.

Vinnsluaðili skal veita ábyrgðaraðila, ytri og innri endurskoðanda ábyrgðaraðila og öryggisstjóra ábyrgðaraðila aðgang að gögnum ábyrgðaraðila sem vinnsluaðili vinnur með á grundvelli samnings þessa, í þeim tilvikum sem við á og í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli samnings þessa.

Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila við að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd.

Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila við að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar um fyrirframsamráð við Persónuvernd.

6.0 Skrá yfir vinnslustarfsemi

Vinnsluaðili skal halda skrá yfir alla vinnslustarfsemi sem fram fer fyrir ábyrgðaraðila. Í henni skal koma fram eftirfarandi:

- Heiti og samskiptaupplýsingar vinnsluaðila
- Flokkar vinnslu sem fram fer fyrir hönd ábyrgðaraðila.
- Linkur á upplýsingar á þeim tæknilegu og skipulagslegu öryggisráðstöfunum sem vinnsluaðili viðhefur hverju sinni í samræmi við 1. mgr. 32. Gr

7.0 Tilkynningar um öryggisbrot

Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila um það án ótilhlýðilegrar tafar ef hann verður var við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga. Í tilkynningu vinnsluaðila til ábyrgðaraðila skulu koma fram allar þær upplýsingar sem ábyrgðaraðila eru nauðsynlegar til að tilkynna Persónuvernd um öryggisbrestinn og að lágmarki:

- Lýsing á eðli öryggisbrotsins,
- flokkum og áætluðum fjölda hinna skráðu,
- flokkum og áætluðum fjölda skráninga persónuupplýsinga,
- nafn og samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa eða annars tengiliðar þar sem hægt er að nálgast, frekari upplýsingar,
- hverjar séu líklegar afleiðingar öryggisbrotsins,
- lýsing á til hvaða aðgerða hafi verið gripið eða lagt til að gripið verði til að bregðast við brotinu,
- lýsing á til hvaða aðgerða einstaklingar geti gripið til að lágmarka tjón sitt.

Vinnsluaðili skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að draga úr áhættu og skaðlegum áhrifum af öryggisbrestinum. Vinnsluaðili skal þar á meðal endurheimta og/eða lagfæra persónuupplýsingarnar glattist þær við öryggisbrest eða ef hann hafi áhrif á réttleika og áreiðanleika upplýsinganna.

8.0 Réttur hins skráða á grundvelli persónuverndarlaga

Vinnsluaðili skal haga skipulagi vinnslu persónuupplýsinga þannig að það auðveldi ábyrgðaraðila að taka við beiðnum sem hinn skráði getur krafist á grundvelli persónuverndarlaga.

Berist vinnsluaðila beiðni frá hinum skráða skal vinnsluaðili beina slíkri beiðni til ábyrgðaraðila.

Vinnsluaðila er óheimilt að afhenda hinum skráða persónuupplýsingar án skriflegrar heimildar ábyrgðaraðila, nema lög mæli á annan veg.

9.0 Lok vinnslu persónuupplýsinga. Eyðing og afhending.

Vinnsluaðili skal fylgja skriflegum fyrirmælum ábyrgðaraðila um að eyða, afhenda eða farga persónuupplýsingum og öðrum gögnum frá ábyrgðaraðila, nema lög kveði á um annað.

Framangreint á við um upplýsingar á hvaða formi sem er og stafa frá ábyrgðaraðila. Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila með skriflegum hætti um að gögnum hafi verið eytt, skilað og/eða fargað á öruggan hátt.

10. Vinnsla persónuupplýsinga

Eftirfarandi gögn eru unnin fyrir Flota:

| Gögn | Hvernig afluð | Tilgangur og vinnsla | Nauðsyn | Áhætta |
|-----------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------|--------------------------------------------|--------------------------------------------|--------|
| Starfsmannagöng, kennitala og nafn | Skráð af flotastjóra | Tenging við bílstjóra vegna frekri vinnslu | Eingöngu grunnupplýsingar eru nauðsynlegar | Lítill |
| Staðsetningarferill, hraði og stefna bifreiðar, frekari mælingar t.d. lausagangur | Skráning úr ökurita og tengdum mælum | Rauntímastaða, ferill, nýting og ökulag. | Nauðsyn | Mikil |

11. Öryggisráðstafanir

Skipulagslegar ráðstafanir:

1. Starfsmenn eru bundin þagnarskyldu og trúnaði samkvæmt ráðningasamningi
2. Hlutverk og skyldur starfsmanna skilgreind með hliðsjón af aðgangi inn í kerfin.
3. Reglubundin fræðsla til starfsmanna um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga
4. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis og reglulegt endurmat

Tæknilegar ráðstafanir:

1. Aðgangsstýringar að húsnaði, aðgangskort að húsnaði, gestir eru ekki fylgdarlausir í heimsóknum
2. Eftirlit með netþjónum
3. Afritun
4. Hlutverkamiðaðar aðgangsstýringar inn í kerfin
5. Dulkóðun lykilorða og vefsamskipta
6. Rekjanleiki vinnsluaðgerða í kerfum
7. Eldveggir og vírusvarnir
8. Gögn hýst hjá undirvinnsluaðila sem fullfyllir ISO-27001

12. Undirvinnsluaðilar

Eftirfarandi undirvinnsluaðilar eru nýttir við úrvinnu:

- Sensa ehf – hýsing, búnaðarleiga, rekstur og ráðgjöf
- Amazon Web Services – gagnahýsing
- Google Analytics – notkunargreining
- Hotja – notkunargreining

Vinnslusamningar við þessa aðila eru sem hér segir:

| Aðili | Samningur | Persónuverndarfulltrúi |
|---------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Sensa ehf. kt. 4802022520 | Ótímabundinn vinnslusamningur. <i>Sensa er vottað samkvæmt ISO27001:2013 staðli um upplýsingaöryggi</i> | Guðmundur Stefán Björnsson oryggi@sensa.is |
| Amazon Web Services | Innifalið í þjónustuskilmálum: https://aws.amazon.com/service-terms/ | https://aws.amazon.com/compliance/gdpr-center/ |

| Aðili | Samningur | Persónuverndarfulltrúi |
|------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Google Analytics | Innifalið í þjónustuskilmálum: https://support.google.com/analytics/answer/3379636 | |
| Hotjar | https://www.hotjar.com/legal/support/dpa/ | https://www.hotjar.com/legal/compliance/gdpr-commitment/ |

13. Samningur

Vinnslusamningur þessi er ótímabundinn, en fellur úr gildi þegar gildandi notkunarleyfissamningi er slitið.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með farsælum hætti milli aðila, skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.